

Fyrirspurn

til dómismálaráðherra um börn á flótta.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

1. Hefur verið sett reglugerð um hagsmunamat barna á flótta á grundvelli 7. mgr. 37. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, sbr. 5. mgr. sömu greinar? Ef ekki, hvað líður þeirri vinnu í ráðuneytinu?
2. Hvaða úrbótatillögur sem lagðar voru til í skýrslunni *Samantekt um stöðu barna í leit að alþjóðlegri vernd á Íslandi* frá desember 2020 hafa komið til framkvæmda? Er nú unnið að framkvæmd fleiri tillagna í ráðuneytinu?

Skriflegt svar óskast.